

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð um skotvopn, skotfæri o.fl. nr. 787/1998.

1. gr.

Við 37. gr. reglugerðarinnar bætast tvær nýjar málsgreinar svohljóðandi:

Óheimilt er að setja hljóðdempara á skotvopn nema með leyfi lögreglustjóra. Eingöngu er heimilt að veita leyfi fyrir hljóðdempara á stærri riffla sem nota miðkveikt skot. Þó er óheimilt að nota hljóðdeyfi ef skot hefur verið hlaðið niður þannig að hraði skots fari undir hljóðhraða. Að því leyti sem það samrýmist friðunar- og veiðilöggjöf getur lögreglustjóri, ef nauðsyn ber til, veitt undanþágu frá banni til að nota hljóðdeyfi á öll vopn til þeirra sem nota skotvopn vegna atvinnu sinnar, svo sem við eyðingu vargs eða meindýra í þéttbýli.

Hljóðdemparar og skotvopn skulu geymd í læstum aðskildum hirslum samþykktum af lögreglustjóra.

2. gr.

Við 5. tölul. 1. mgr. 54. gr. bætist við: þ. á m. hljóðdempara.

3. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 40. gr. vopnalaga nr. 16/1998 með síðari breytingum og öðlast þegar gildi.

Innanríkisráðuneytinu, xx. september 2016.

F. h. r.

xxxxxx

xxxxxx